

Hverfisráð Hríseyjar

161. fundur

Fimmtudaginn 13. apríl 2023 kl. 20:30 var haldinn 161. fundur hverfisráðs í Hlein.
Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Narfi Freyr Narfason og Friðrik Úlfar Ingimarsson.

Dagskrá:

1. Hundasvæði

Umhverfis- og mannvirkjasvið óskaði eftir álitum hverfisráðs varðandi staðsetningu á hundasvæði í Hrísey. Hverfisráð boðaði hundaeigendur og áhugafólk um málefnið á fund þar sem staðsetningar voru ræddar. Flestum hugnaðist að staðsetja hundasvæði norðan og ofan við Áhaldahúsið. Í ljósi niðurstöðu fundarins óskar hverfisráð eftir að uppsetning hundagerðis á þessu svæði verði komið í ferli.

2. Aðalfundur

Lagt til að aðalfundur hverfisráðs verði haldinn í þriðjudaginn 25. apríl í Hlein kl. 18.

3. Önnur mál

- Hverfisráð óskar eftir að umsjón með öskudagstunnu í Hrísey á öskudag verði bætt í áætlun fyrir verkefni áhaldahússins. Starfsmaður áhaldahúss hefur haft umsjón með þessum viðburði í áráðir og viljum við halda í þessa hefð fyrir börn í Hrísey.
- Hverfisráð ítrekar mikilvægi þess að sjósundstíginn niður að Sæborgarfjöru verði tilbúinn fyrir sumarið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.

Ingólfur Sigfússon
Narfi Freyr Narfason
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon